

Guðni boðaði til fundar í gegnum Zoom foritið .

Keypti aðgang fyrir c.a 20 þús á ársgrundvelli , sem er tilkomið vegna Covid sem herjað hefur á heimsbyggðina frá því fyrir ári síðan og er enn mjög virk erlendis.

Mættir voru Anna María formaður Guðni gjaldkeri Þorsteinn ritari ,Birna og Bettina.

Eftir smá byrjunar erfileika við tengingar hófst samtalið. Fundar efnið var í upphafi vegna fundar sem stjórnin þarf að takast á við út af félagskerfi landbúnaðarins og lagt er út með að sameina Bændasamtökin og þau búgreinafélög sem eiga aðild að samtökunum í eitt félag. AMF ætlar að boða okkur í næstu viku til zoom fundar með stjórn eða hluta stjórnar BÍ.

Okkur var tíðrætt um okkar félag sem aðalega hefur verið uppbyggingar starf síðan það var stofnað og höfum miklar áhyggjur að því hvað verður um félagið ef við förum alla leið í sameiningu .

GFFÍ hefur verið haldið gangandi af geitareigendum og áhugafólki geitarinnar og stuðst við félagsgjöld sem hafa verið 6500 kr á ári fyrir félagsmenn ,um 60 félagsmenn eru skráði.

GÁI fannst að við ættum að ekki afsala okkur félagsgjöldunum og mættum skoða þann möguleika að vera deild innan BÍ en héldum félaginu gangandi.

Okkur var tíðrætt um að ávinningurinn væri lítill við sameiningu en höfum efasemdir hvort þeirra gjörðir gætu hróflað við búvörusamningunum fyrir Geitur.

Svo voru almennar umræður .

Þú spurði hvort einhver vissi hve margir félagsmenn borguðu í BÍ , engin vissi það. Einnig veltu við fyrir okkur búvörusamninginum sem er frá árinu 2017 -2026 , þar kemur fram sundurliðun á 14 milljónar greiðslu t.d. 2020 afurðargreiðslur af fiðu 7% verður 9% í ár hvort einhver hafi sóttu um og þá hvernig því er háttað. Birna ætlar að kanna það hjá Búnaðarstofu . AMF lagði til „partý á árinu ,félagið að verða 30 ára . Ath með að gefa út dagatal og jafnvel myndband um geitur á ársgrundvelli . Þekkti til drengja úr sveitinni sem væru mjög efnilegir til þess ætlar að ath það.